

117. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna Halldórsdóttir, Helga J. Bjarnadóttir, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Ingvar Halldórsson og Guðmundur B. Friðriksson

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 28. júní 2010 kl. 12:30.

Þetta gerðist

1. Verkaskipting stjórnar

Ákveðið að skipan stjórnar verði eftirfarandi næsta starfsárs: Helga J. Bjarnadóttir verði varaformaður, Már Karlsson verði gjaldkeri, Guðmundur B. Friðriksson verði ritari og Ingvar Halldórsson verði meðstjórnandi. Ragna Halldórsdóttir var kjörinn formaður á aðalfundi og Guðmundur Tryggvi og Elías Ólafsson varamenn í stjórn.

2. Starfs- og rekstraráætlun 2010-2011

Nokkur umræða var á aðalfundi um rekstraráætlun næsta starfsárs og hvernig koma mætti í veg fyrir að gengið yrði á sjóð Fagráðsins. Eftirfarandi aðgerðir, sem bætt gætu rekstraráætlun næsta árs, voru ræddar á stjórnarfundinum:

- Fá aðila til að kosta vinnu Fenúr s.s. merkin. Á heimasíðu DAKOFA, systurfélags FENÚR í Danmörku eru tilgreindir styrktaraðilar félagsins. Gera mætti sambærilegt hjá FENÚR.
- Draga mætti úr kostnaði við útgáfu FENÚRfrétta með að hætta prentun fréttabréfsins og gefa það eingöngu út rafrænt. Prentuð hafa verið 300 eintök í hvert sinn sem kostar um 70 þús. kr. Greina þarf hverjir lesa blaðið og þannig hvaða útgáfuform væri heppilegast. Rætt var um að fækka prentuðum útgáfum á ári, gefa bréfið út á prenti fyrir aðalfund og haustráðstefnu en þess á milli sem styttri vefútgáfu.
- Ræddar voru mismunandi leiðir við hækkun félagsgjalda. Ákveðið að HJB setji upp tillögu að hækkun félagsgjalda sem stjórnin fari yfir og sendir svo aðilum sem sýndu málinu áhuga á aðalfundi til umsagnar. Boðað verður til aukaaðalfundar fyrir haustráðstefnu til að samþykkja breytingar á félagsgjöldum.
- Lækkun hjá NAF. Kostnaður við þátttöku í NAF er nokkuð hár í rekstraráætlun fagráðsins. Ragna viðraði hugmyndir um lægra gjald á fundi NAF í vor. Ragna mun senda NAF bréf til að fylgja því eftir. Guðmundur Tryggvi lagði til að sótt verði um 50% lækkun til tveggja ára en fall krónunar veldur því að félagsgjöldin eru nokkuð stór hluti í rekstraráætlun næsta árs. Rætt um ávinning af þátttöku í NAF.
- Rætt um þátttöku umhverfisráðuneytisins í kostnaði fagráðsins en ráðið sinni mjög mörgum verkefnum sem snerta ráðuneytið s.s. fréttamiðlun og umræður um úrgangsmál á Íslandi, flokkunarmerki, ISWA, NAF o.fl. Ákveðið að sækja um almennan styrk til ráðuneytisins til reksturs fagráðsins í stað þess að sækja um styrk fyrir ferð á aðalfund ISWA. Ragna tekur saman drög að bréfi til ráðuneytisins.
- Greining á samstarfssamningi FENÚR við Sorpu. Greina þarf vinnu Sorpu fyrir fagráðið og vinna tímabókhald. Vinna við flokkunarmerkin þarf að leggjast á merkin þ.a. þau standi undir kostnaði. Ragna skoðar greiningu á

vinnu Sorpu fyrir fagráðið. Tímabókhald hefjist 1. júlí nk., greind verði verkefni Sorpu og hversu mikill tími fari í hvert verkefni.

Rætt var um hvernig fjölga mætti félagsmönnum í fagráðinu. Guðmundur Tryggvi lagði til að sendur yrði kynningarpóstur á sveitarfélög og fleiri aðila og nýjum aðilum e.t.v. boðið lægra félagsgjald, kynningargjald.

Helga sagði mikilvægt að stjórnin gerði og gæfi rafrænt út ársskýrslu liðins starfsárs sem innihéldi m.a. með skýrslu stjórnar og ársreikning.

Fundi slitið kl. 14:00

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson